

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Vopnafjarðarhreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps innheimtir gjöld vegna sorphirðu og meðhöndlunar úrgangs eins og fram kemur í gjaldskrá þessari. Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps áskilur sér rétt til þess að fela sorphirðuverktaka umsjón með innheimtu móttökugjalda á söfnunarstöðvum, eigi það við.

2. gr.

Sorphreinsunargjald greiðist árlega. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

Gjaldið er kr. 12.930 á hverja íbúð, miðað við almenna tunnu, 240 l.

Sorpeyðingargjald greiðist árlega. Gjald skal innheimt með fasteignagjöldum.

Gjaldið er kr. 12.930 á hverja íbúð, miðað við almenna tunnu, 240 l.

Sorpgjald fyrirtækja greiðist árlega. Gjaldið innheimtist með fasteignagjöldum.

Hvert fyrirtæki greiðir lágmarkssorpgjald 25.860 kr. á ári, sem er annars vegar 12.930 kr. í sorphreinsunargjald og hins vegar 12.930 kr. í sorpeyðingargjald. Gjaldið tekur mið af 240 l tunnu.

Á hvert fristundahús (sumarbústað), greiðist þjónustugjald sem nemur 30% af fullu gjaldi (kr. 25.860), enda geti notendur þeirra losað sig við sorp á gámasvæðum á vegum sveitarfélagsins.

Fyrir hverja aukatunnu skal greiða 18.230 kr./ár.

Fyrir sorp umfram þetta greiðist samkvæmt gjaldskrá Vopnafjarðarhrepps.

3. gr.

Gjöld vegna móttöku úrgangs á safnstöð og sorphaugum Vopnafjarðarhrepps skal vera með eftirfarandi hætti:

Móttökugjald	<i>Kr.</i>
<i>Móttökugjald fyrir einstaka farma allt að:</i>	
0,25 (1/4) m ³	0
0,50 (1/2) m ³	1.600
0,75 (3/4) m ³	2.400
1,0 m ³	3.200
Óflokkað	<i>Kr./kg m.vsk</i>
<i>Blandaður úrgangur:</i>	18
Að mestu úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil og þarfnast ekki sérstakrar meðhöndlunar í böggum	
<i>Grófur úrgangur:</i>	20
Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega fyrir böggun og aðra meðhöndlun. Sem dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, net, húsgögn, jarðvegur, málmar, steinefni og gler	
Flokkað	
<i>Timbur:</i>	
Hvítmálað, plasthúðað og blandað	17
Flokkað timbur og greinar (ekki hvítmálað og án aðskotahluta)	11
Hey trjáaflippur, gras, hálmur og arfi	0
Dagblöð/tímarit til endurvinnslu	0
Skrifstofupappír og hvítur afskurður frá prentsmiðju	0
<i>Málmar:</i>	0
<i>Úrgangur sem ber úrvinnslugjald:</i>	
Umbúðir úr sléttum pappa	0
Plastumbúðir	0
Heyrúlluplast	0

Bylgjupappi	0
Hjólbarðar	0
Raftæki	0
Spilliefni (heimilt er að innheimta fyrir útlögðum kostnaði v/spilliefna sem ekki bera úrvinnslugjald)	0
<i>Annað:</i>	
Smádýrahæ, sláturúrgangur og fiskúrgangur	12
Fljótandi úrgangur (seyra)	12
Húsdýraúrgangur	0
Ómengaður úrgangur til urðunar, (jarðvegur, steinefni, sem ekki nýtist til jarðgerðar, sem fyllingarefni eða til landmótunar á urðunarstað)	12

4. gr.

Gjald fyrir sorphirðu skv. 2. gr. skal innheimta með fasteignagjöldum. Gjald dagar þessara gjalda skulu vera þeir sömu og annarra fasteignagjalda. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Gjalddagi gjalda skv. 3. gr. er 1. hvers mánaðar og eindagi 15 dögum síðar.

5. gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá úrgangshafa án undangengins dóms, sbr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989. Gjöldin eru og tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga, sbr. lokamálsgrein 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Vopnafjarðar þann 26. október 2017, með stoð í 7. gr. samþykktar um sorphreinsun í Vopnafjarðarhreppi, sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

Gjaldskrá þessi tekur gildi við birtingu. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Vopnafjarðarhreppi nr. 922/2016.

Vopnafirði, 26. október 2017.

Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri.